

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals, L226501 – F543.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir landskika L226501 í landi Miðdals við Selvatn 5. júní 2024. Deiliskipulagið hefur fengið afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er norðan við Selvatn og fyrir sunnan Nesjavallaveg. Það er um 5,5 ha að stærð með landnúmer 226501. Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að skipta landinu upp í fimm frístundahúsalóðir þar sem heimilt verður að reisa fjögur frístundahús allt að 130 m² og eitt allt að 200 m².

Ofangreint skipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 24. júní 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.